

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2012****2012/EES/50/28****frá 30. apríl 2012****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2011 frá 19. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðila þannig að það taki til tilskipunar ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 8. mgr. 10. gr. í bókun 31 við samninginn:

„9. a) Samningsaðilar skulu starfa saman á þeim sviðum sem eftirfarandi gerð tekur til:

- **32008 L 0114**: Tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra (Stjtíð. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75).
- b) Í því skyni að ná fram þeim markmiðum sem koma fram í tilskipun 2008/114/EB, skulu samningsaðilar starfa saman með viðeigandi hætti eins og getið er í 80. gr. samningsins.
- c) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein, að frátöldum ákvæðum 1. og 2. þáttar 3. kafla.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 64, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 81.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.